



Akraneskaupstaður

**1419. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4,
þriðjudaginn 23. september 2025 og hefst kl. 17:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2509060 - Farsældarráð Vesturlands

Vesturland var fyrsti landshlutinn til að sameinast um svæðisbundið farsældarráð. Ásmundur Einar Daðason, þáverandi mennta- og barnamálaráðherra, undirritaði samning þess efnis við Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi 16. maí 2024. Markmið samstarfsins er að efla og samræma þjónustu við börn og fjölskyldur á Vesturlandi með samþættri, snemmtækri og heildstæðri nálgun. Jafnframt mun farsældarráð vinna að því að styrkja þverfaglegt samstarf og tryggja að farsæld barna sé leiðarljós í stefnumótun og framkvæmd þjónustu í landshlutanum. Lagt er upp með stofnun á Farsældarráði Vesturlands á Haustþingi SSV þann 24. september næstkomandi.

Málið hefur farið fyrir velferðar- og mannréttindaráð og skóla- og frístundaráð sem eru fylgjandi undirritun samstarfsyfirlýsingar.

2. 2508045 - Breyting á aðalskipulagi vegna Innnesvegur 1 - Umsókn til skipulagsfulltrúa

Á fundi bæjarstjórnar þann 9. september 2025 var málinu vísað til nýju til skipulags- og umhverfisráðs og ráðinu falið að afla lögfræðialits vegna þeirra álitaefna sem rakin voru í umræðum um málið.

Gögn málsins ásamt minnispunktum ytri ráðgjafa lögð fyrir skipulags- og umhverfisráð.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir á ný að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja aðalskipulagsbreytingu vegna Innnesvegur 1, að breytingin verði send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

3. 2308168 - Deiliskipulag Flatarhverfi klasi 5 og 6 Innnesvegur 1 Breyting - umsókn til Skipulagsfulltrúa

Á fundi bæjarstjórnar þann 9. september 2025 var málinu vísað til nýju til skipulags- og umhverfisráðs og ráðinu falið að afla lögfræðialits vegna þeirra álitaefna sem rakin voru í umræðum um málið.

Gögn málsins ásamt minnispunktum ytri ráðgjafa lögð fyrir skipulags- og umhverfisráð.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir á ný framlagða greinargerð skipulagsfulltrúa sem svar við þeim athugasemdum sem bárust við deiliskipulagið.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagið verði samþykkt ásamt greinargerð skipulagsfulltrúa sem svör við þeim athugasemdum sem bárust við deiliskipulagið.

Fundargerðir til kynningar

4. 2501002 - Fundargerðir 2025 - bæjarráð

3602. fundur bæjarráðs frá 11. september 2025.

5. 2501003 - Fundargerðir 2025 - velferðar- og mannréttindaráð

251. fundur velferðar- og mannréttindaráðs frá 16. september 2025.

6. 2501004 - Fundargerðir 2025 - skóla- og frístundaráð

269. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 19. september 2025.

7. 2501005 - Fundargerðir 2025 - skipulags- og umhverfisráð

333. fundur skipulags- og umhverfisráðs frá 15. september 2025.

8. 2501023 - Fundargerðir 2025 o.fl. - Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili

163. fundargerð stjórnar Höfða frá 15. september 2025.

9. 2501029 - Fundargerðir 2025 - Samband íslenskra sveitarfélaga tilkynningar

984. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 12. september 2025.

22.09.2025

Steinar Adolfsson, sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.